

## GJALDSKRÁ

### Sjúkratrygginga Íslands fyrir dagdvöl aldraðra á vegum stofnana sem ekki eru á föstum fjárlögum árið 2018 og eru án samnings um verð við Sjúkratryggingar Íslands.

#### 1. gr.

##### *Gildissvið.*

Gjaldskráin tekur til daggjalda fyrir þjónustu við sjúkratryggða einstaklinga í dagdvalarrýmum á vegum stofnana sem ekki eru á föstum fjárlögum árið 2018 og eru án samnings við Sjúkratryggingar Íslands.

Sjúkratryggingar Íslands ákvarða hvort einstaklingur telst sjúkratryggður, sbr. 4. mgr. 10. gr. laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar.

Dagdvalarrými er stuðningsúrræði fyrir aldraða, sbr. lög nr. 125/1999 um málefni aldraðra.

Gjaldskráin kveður á um daggjöld skv. 38. gr. laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 1245/2016 um dagdvöl aldraðra með breytingum skv. reglugerð nr. 1174/2017.

#### 2. gr.

##### *Daggjöld vegna þjónustu í dagdvalarrýmum.*

Daggjald fyrir þjónustu í dagdvalarrými er greitt eftir hvern almanaksmánuð.

Tilgreindur fjöldi dagdvalarrýma ákvarðar umfang þjónustunnar sem greiðsluþátttaka Sjúkratrygginga Íslands tekur til. Miðað er við að þjónusta í dagdvalarrými sé í boði 250 daga ársins og í samræmi við áætlun sem Sjúkratryggingar Íslands hafa samþykkt.

Miðað er við að ein koma í dagdvalarrými vari í a.m.k. 6 klst. á dag. Innifalið í daggjöldum dagdvalarrýma er nauðsynlegur flutningskostnaður og hvers konar þjónusta sem látin er í té á stofnunum, sbr. meðal annars reglugerð nr. 427/2013, um greiðslur öldrunarstofnana fyrir heilbrigðisþjónustu.

Daggjöld fyrir dagdvalarrými skulu vera sem hér segir:

Nr.	Tegund dagdvalar		Fjöldi dagdvalarrýma	Daggjald
<b>A. Heilbrigðisumdæmi höfuðborgarsvæðisins</b>				
A1	Almenn dagdvöl	Hrafnista, Hafnarfirði	26	6.895 kr.
A2	Dagdvöl með sérhæfðri endurhæfingu	Hrafnista, Reykjavík	30	18.768 kr.
A3	Almenn dagdvöl	Hrafnista, Boðarþingi, Kópavogi	30	6.895 kr.
A4	Dagdvöl fyrir heilabílaða	Hlíðarbær, dagdvöl, Reykjavík	22	15.027 kr.
A5	Dagdvöl fyrir heilabílaða	Roðasalur, Kópavogi	20	15.027 kr.
A6	Almenn dagdvöl	Sunnuhlíð, Kópavogi	14	6.895 kr.
A7	Dagdvöl fyrir heilabílaða	Sunnuhlíð, Kópavogi	6	15.027 kr.
A8	Dagdvöl fyrir heilabílaða	Vítatorg, dagdvöl, Reykjavík	18	15.027 kr.
A9	Almenn dagdvöl	Hlaðhamrar, dagdvöl, Mosfellsbæ	9	6.895 kr.
A10	Dagdvöl fyrir heilabílaða	Eir, Reykjavík	48	15.027 kr.
A11	Almenn dagdvöl	Dagdvöl Seltjarnarness	9	6.895 kr.
A12	Almenn sérhæfð dagdvöl	MS-setrið, dagdvöl, Reykjavík	40	13.735 kr.
A13	Almenn sérhæfð dagdvöl	Múlabær, dagdvöl, Reykjavík	52	9.815 kr.
A14	Dagdvöl fyrir heilabílaða	Fríðuhús, dagdvöl, Reykjavík	18	15.027 kr.
A15	Dagdvöl fyrir heilabílaða	Drafnarhús, dagdvöl, Hafnarfirði	22	15.027 kr.
A16	Dagdvöl fyrir heilabílaða	Maríuhús, dagdvöl, Reykjavík	22	15.027 kr.
A17	Almenn dagdvöl	Sólvangur, Hafnarfirði	14	6.895 kr.
A18	Almenn dagdvöl	Ísafold, Garðabæ	16	6.895 kr.
A19	Dagdvöl fyrir heilabílaða	Ísafold, Garðabæ	4	15.027 kr.

Nr.	Tegund dagdvalar		Fjöldi dagdvalarrýma	Daggjald
A20	Almenn dagdvöl	Porrasel, dagdvöl, Reykjavík	50	6.895 kr.
A21	Dagdvöl með sérhæfðri endurhæfingu	Múlabær, dagdvöl, Reykjavík	8	18.768 kr.
<b>B. Heilbrigðisumdæmi Suðurnesja</b>				
B1	Almenn dagdvöl	Dagdvöl aldraðra, Reykjanesbæ	18	6.895 kr.
B2	Dagdvöl fyrir heilabilaða	Dagdvöl aldraðra, Reykjanesbæ	15	15.027 kr.
B3	Almenn dagdvöl	Dagdvöl aldraðra, Grindavík	5	6.895 kr.
<b>C. Heilbrigðisumdæmi Vesturlands</b>				
C1	Almenn dagdvöl	Barmahlíð, Reykhólum	2	6.895 kr.
C2	Almenn dagdvöl	Dvalarheimili aldraðra, Stykkishólmi	2	6.895 kr.
C3	Almenn dagdvöl	Jaðar, Ólafsvík	2	6.895 kr.
C4	Almenn dagdvöl	Brákarhlíð, Borgarnesi	4	6.895 kr.
C5	Almenn dagdvöl	Höfði, Akranesi	20	6.895 kr.
C6	Almenn dagdvöl	Fellaskjól, Grundarfirði	1	6.895 kr.
C7	Almenn dagdvöl	Dagdvöl aldraðra, Hvammstanga	5	6.895 kr.
C8	Dagdvöl fyrir heilabilaða	Brákarhlíð, Borgarnesi	1	15.027 kr.
<b>D. Heilbrigðisumdæmi Vestfjarða</b>				
D1	Almenn dagdvöl	Hlíf, dagdvöl, Ísafirði	8	6.895 kr.
D2	Almenn dagdvöl	Sunnuhlíð, dagdvöl, Suðureyri	5	6.895 kr.
<b>E. Heilbrigðisumdæmi Norðurlands</b>				
E1	Almenn dagdvöl	Hornbrekka, Ólafsfirði	6	6.895 kr.
E2	Almenn dagdvöl	Hvammur, Húsavík	23	6.895 kr.
E3	Almenn dagdvöl	Dagdvöl aldraðra, Siglufirði	7	6.895 kr.
E4	Almenn dagdvöl	HSN, Blönduósi	2	6.895 kr.
E5	Almenn dagdvöl	Öldrunarstofnun Akureyrar, Hlíð	20	6.895 kr.
E6	Dagdvöl fyrir heilabilaða	Öldrunarstofnun Akureyrar, Hlíð	15	15.027 kr.
E7	Dagdvöl fyrir heilabilaða	Öldrunarstofnun Akureyrar, Eyjafjarðarsveit	1	15.027 kr.
E8	Almenn dagdvöl	Naust, Þórshöfn	4	6.895 kr.
E9	Almenn dagdvöl	Dalbær, Dalvík	14	6.895 kr.
E10	Almenn dagdvöl	Dagdvöl aldraðra, Skagafirði	11	6.895 kr.
<b>F. Heilbrigðisumdæmi Austurlands</b>				
F1	Almenn dagdvöl	Uppsáir, Fáskrúðsfirði	2	6.895 kr.
F2	Almenn dagdvöl	HSA, Neskaupstað	1	6.895 kr.
F3	Almenn dagdvöl	HSA, Seyðisfirði	2	6.895 kr.
F4	Almenn dagdvöl	Lagarás, Egilsstöðum	5	6.895 kr.
F5	Dagdvöl fyrir heilabilaða	Lagarás, Egilsstöðum	3	15.027 kr.
F6	Almenn dagdvöl	Dagdvöl aldraðra, Djúpavogi	4	6.895 kr.
F7	Almenn dagdvöl	Dagdvalarheimilið Breiðdalsvík	5	6.895 kr.
F8	Almenn dagdvöl	Sundabúð Vopnafirði	1	6.895 kr.
<b>G. Heilbrigðisumdæmi Suðurlands</b>				
G1	Almenn dagdvöl	Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	10	6.895 kr.
G2	Almenn dagdvöl	Kirkjuhovoll, Hvolsvelli	2	6.895 kr.
G3	Almenn dagdvöl	Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri	1	6.895 kr.
G4	Almenn dagdvöl	Lundur, Hellu	2	6.895 kr.
G5	Almenn dagdvöl	Ás, Hveragerði	5	6.895 kr.
G6	Almenn dagdvöl	Árborg, dagdvöl, Selfossi	11	6.895 kr.
G7	Dagdvöl fyrir heilabilaða	Árborg, dagdvöl, Selfossi	10	15.027 kr.

Nr.	Tegund dagdvalar		Fjöldi dagdvalarrýma	Daggjald
G8	Almenn dagdvöl	Dagdvöl aldraðra, Þorlákshöfn	8	6.895 kr.
G9	Almenn dagdvöl	Hjallatún, Vík	2	6.895 kr.
G10	Almenn dagdvöl	HSU, Hornafirði	7	6.895 kr.
			750	

## 3. gr.

*Húsnæðisgjald.*

Húsnæðisdaggjald fyrir dagdvalarrými mætir viðhaldskostnaði húsnæðis sem nýtt er til reksturs þeirra. Húsnæðisdaggjald árið 2018 er kr. 348 á dag fyrir að hámarki 30 fermetra dagdvalarrými.

Húsnæðisdaggjaldið fyrir dagdvalarrými hlutfallast í samræmi við stærð rýmisins og reiknast aldrei á stærra rými en hámarkið segir til um.

## 4. gr.

*Greiðsluþátttaka.*

Greiðsluþátttaka hins sjúkratryggða vegna dagdvalar fer samkvæmt 19. gr. laga nr. 125/1999, um málefni aldraðra, með síðari breytingum, sbr. einnig reglugerð nr. 1245/2016 um dagdvöl aldraðra, með breytingum skv. reglugerð nr. 1174/2017.

## 5. gr.

*Dagdvöl.*

Umsóknir um dagdvöl skulu berast til viðkomandi rekstraraðila eða heimilis sem býður upp á úrræðið, sbr. 5. mgr. Þurfi að forgangsraða umsækjendum skulu þeir ganga fyrir sem eru í mestri þörf fyrir úrræðið. Auk þess skal taka tilliti til dagsetningar umsóknar og þess hvort umsækjandi hafi áður verið í sams konar úrræði og þá hversu langt er liðið frá því að það var síðast notað.

*A. Almenn dagdvöl.*

Dagdvölin er stuðningsúrræði fyrir aldraða sem að staðaldri þurfa eftirlit, umsjá og stuðning til að geta búið heima. Notendur dagdvalar geta sótt þjónustuna daglega eða tiltekna daga í viku hverri. Tryggja þarf notendum dagdvalar heilbrigðisþjónustu og félagslegan stuðning á því þjónustustigi sem er eðlilegast miðað við þörf og ástand hvers og eins, sbr. lög nr. 125/1999, um málefni aldraðra, og reglugerð nr. 1245/2016, um dagdvöl aldraðra.

*B. Dagdvöl fyrir heilabílaða.*

Dagdvölin tekur til sjúkra- og/eða iðjuþjálfunar fyrir einstaklinga með heilabilunarsjúkdóm og miðar þjónustan að því að rjúfa einangrun einstaklinganna, gefa þeim kost á að umgangast jafningja, taka þátt í daglegum athöfnum og þjálfu hug og hönd eins og geta hvers og eins býður. Áhersla er á að gera einstaklingnum kleift að búa heima og viðhalda sjálfhjálpargetu með því að bjóða upp á örvandi og hvetjandi starfsemi og fresta þannig þörf fyrir sólarhringsumönnun. Þjónustan skal taka mið af þörfum einstaklingsins, áhuga, getu og óskum. Leggja skal áherslu á sveigjanleika í starfseminni, fjölbreytta virkni, þjálfun og afþreyingu út frá mismunandi þörfum og áhuga. Þannig skal stuðla að umönnun sem eflir styrk og getu, stuðlar að vellíðan og eykur öryggi. Leggja skal áherslu á að skapa rólegt og öruggt umhverfi með faglegri umhyggju. Einnig skal huga að mikilvægi upplýsingagjafar til einstaklingsins og aðstandenda hans.

*C. Dagdvöl með sérhæfðri endurhæfingu.*

Í dagdvöl með sérhæfðri endurhæfingu felst dagþjálfun þar sem áhersla er lögð á líkamlega þjálfun og félagslega virkni. Þjónustan er eingöngu fyrir aldraða þar sem endurhæfing er forsenda þess að viðkomandi geti áfram búið heima eða fyrir aldraða sem þarfnast endurhæfingar í kjölfar sjúkráhuslegru. Dagþjálfunin er 8-10 vikna úrræði 3-5 daga vikunnar og opin frá kl. 8-19 alla virka daga.

Umsókn til meðferðaraðila skal vera á þar til gerðu eyðublaði þjónustuaðila. Með henni skal fylgja lækna- og/eða hjúkrunarbréf þar sem fram kemur að þörf sé á þjálfun til dæmis sjúkra- og/eða

iðjubjálfun. Ef umsókn er samþykkt skal inntökuteymi þjónustuaðila jafnframt gera mat á markmiðum og skipulagi þjálfunar í samráði við fagaðila. Mánaðarlega eða eftir því sem við á skal þetta mat uppfært.

6. gr.

*Rafræn samskipti og reikningsupplýsingar.*

Reikningar skulu uppfylla skilyrði laga og reglna á hverjum tíma. Þeir skulu vera á því formi sem Sjúkratryggingar Íslands ákveða. Reikningar vegna kostnaðar við veitta þjónustu skulu sendir Sjúkratryggingum Íslands mánaðarlega.

Við sendingu rafrænna reikningsupplýsinga ber að fara eftir færslulýsingu sem Sjúkratryggingar Íslands hafa samþykkt. Rafræn samskipti aðila og varðveisla gagna skulu fara eftir ákvæðum laga um bókhald nr. 145/1994. Rekstraraðilar bera kostnað af innskráningu upplýsinga, en ekki vegna reksturs og viðhalds RAI-gagnagrunns og þjónustukerfa Sjúkratrygginga Íslands. Á hvert dagdvalarrými samsvarar sá kostnaður allt að einu og hálfu daggjaldi á ári.

Ef ekki reynist unnt að ákvarða rétt til greiðslu eða fjárhæð hennar vegna skorts á nauðsynlegum upplýsingum er Sjúkratryggingum Íslands heimilt að fresta greiðslu þar til úr því er bætt. Stofnunin skal gera viðkomandi heimili viðvart ef til frestunar kemur, leiðbeina um hvaða upplýsingar skortir og skora á það að veita þær innan viðhlítandi frests.

7. gr.

*Gildistaka.*

Gjaldskrá þessi er sett með stoð í 38. gr. laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar og 7. gr. reglugerðar nr. 1245/2016 um dagdvöl aldraðra, með síðari breytingum. Hún gildir frá 1. júní 2018 og er gildistími sá sami og kveðið er á um í 7. gr. reglugerðar nr. 1245/2016 með síðari breytingum. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 513/2018.

*Sjúkratryggingum Íslands, 11. júní 2018.*

**Steingrímur Ari Arason.**

\_\_\_\_\_  
*Katrín E. Hjörleifsdóttir.*